

í göngurnar fyrir sanngjarna borgun. Á sama hátt skal útvega hesta, fæði og annað, sem vantar. **101**

Skylt er hverjum fjallskilaskyldum manni, er krafizt er, að borga sanngjarnlega ómök og fyrirhöfn hreppsnefndar eða fjallskilastjóra.

23. júlí

7. gr.

28. gr. orðist svo:

Ef enginn rekstrarfær maður er heima, er rekstur kemur á bæ, skal rekstrarmaður skilja úr fé það, er eftir á að verða, en reka svo reksturinn til næsta rekstrarfærs manns. Greiða skal rekstrarmanni þóknun fyrir rekstur umfram eina bæjarleið, er sé kr. 0.70 á einfaldan km að viðbætti verðlagsuppbót.

Rekstrarmaður fær þóknun sína greidda úr fjallskilasjóði, en fjallskilasjóður innheimtir gjaldið aftur hjá hlutaðeigandi ábúendum eða eigendum, ef um eyðibýli er að ræða.

8. gr.

Við 40. gr.:

Inn í 3. málsg. greinarinnar, á eftir orðunum „50 aorum um sólarhringinn“ bætist: að viðbætti verðlagsuppbót.

9. gr.

Breytingar þessar og viðaukar við fjallskilareglugerð Vestur-Húnavatnssýslu gilda fyrst um sinn, meðan fjárfækkunar gætir af völdum fjárskiptanna, og sýslunefnd hefur ekki gert aðra ákvörðun.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Vestur-Húnavatnssýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 12 31. maí 1927, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 23. júlí 1949.

Bjarni Ásgeirsson.

Árni G. Eylands.

AUGLÝSING

um eftirlitsgjald af fóðurlöndum.

102

25. júlí

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 63 31. maí 1947, um eftirlit með framleiðslu og verzlun með fóðurvörur, hefur ráðuneytið ákveðið, að ákvæði auglýsingar nr. 202 25. október 1947, um eftirlitsgjald af fóðurlöndum, skuli gilda óbreytt árið 1949.

Atvinnumálaráðuneytið, 25. júlí 1949.

Bjarni Ásgeirsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.